

# Eineltisáætlun Víðivalla

## Stefnuyfirlýsing

Í lögum um leikskóla segir:

Í leikskóla á velferð og hagur barna að vera leiðarljós í öllu starfi. Veita á börnunum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði.

Á Víðivöllum er lögð áhersla á að börnum og fullorðnum líði vel og að allir tileinki sér jákvæð og uppbyggjandi samskipti. Virðing fyrir ólíkum þörfum, líðan og tilfinningum einstaklinganna er virt og meðtekin. Starfsfólk leikskólans líður ekki að einelti sé stundað innan skólans og vinnur markvisst að því að koma í veg fyrir skilyrði sem gætu skapað einelti. Unnið er að forvörnum meðal annars með því að notast við Vináttuverkefnið og lýðræðislegum umræðum í smærri hópum á deildum. Komi upp einelti eða grunur um einelti í leikskólanum er lögð áhersla á að leysa málið fljótt og á farsælan hátt fyrir alla málsaðila.

## Hvað er einelti?

Yfirleitt ríkir ójafnvægi í persónulegum og/eða líkamlegum styrk geranda og þolanda, þannig að þolandi stendur höllum fæti gagnvart geranda/gerendum.

Algengt er að börn gantist í góðu, tuski hvert annað til og kalli hvert annað ýmsum nöfnum, án þess að nokkrum detti í hug að um einelti sé að ræða. Það sem skilur á milli þess og eineltis er samband gerandans og fórnarlamsins og tilgangurinn með samskiptunum. Ef annar aðilinn hefur yfirhöndina og tilgangur hans með samskiptunum er að valda líkamlegum eða andlegum sársauka hins er um eineltistilvik að ræða, sérstaklega ef um síendurtekna athugasemdir eða ofbeldi er að ræða.

Einelti er skilgreint sem endurtekin eða viðstöðulaust áreiti/valdbeiting, munnleg, sálfræðileg eða líkamleg, framkvæmdar af einstaklingi eða hóp einstaklinga sem beita sér gegn annarri manneskju eða hóp einstaklinga gegn þeirra vilja.

Einstakur ágreiningur eða átök milli jafningja telst ekki til eineltis.

## Hvernig birtist einelti?

Líkamlegt einelti er hvers konar líkamlegt áreiti sem sem barsmíðar, spörk, hártoganir og slagsmál. Dæmi um andlegt einelti er útskúfun, höfnun, ógnandi hegðun og hæðni.

## Mögulegar vísbendingar um að barn verði fyrir einelti

- Barn sýnir ótta við félagslegar aðstæður og brestur auðveldlega í grát við mótlæti
- léleg sjálfsmynd
- barnið sækir í að leika við yngri börn
- vill ekki fara í leikskólann
- skapsveiflur og þunglyndi
- óöryggi í líkams tjáningu/beitingu t.d. niðurlútur, klaufalegur/vandræðalegur gangur
- tíð smávægileg veikindi, sérstaklega hausverkir og magaverkir
- bleyta rúmið
- vill helst halda sig heima
- árasagirni gagnvart systkinum
- kvíði og áhyggjur

## **Einelti í leikskólum**

Einelti getur átt sér stað í leikskólum eins og á öðrum skólastigum og fylgt barni áfram upp í grunnskóla ef ekkert er aðhafst. Á fyrstu æviárunum lærir barnið að mynda vinatengsl en góður félagslegur þroski er afar mikilvægur fyrir barn sem er að hefja grunnskólanám. Þess vegna er mikilvægt að barnið fái hjálp við að mynda góð félagsleg tengsl í leikskóla þurfi það þess. Það getur breytt miklu fyrir barn sem er líklegur þolandi í eineltismáli að eiga traustan og góðan vin. Börn í leikskólanum eru í öruggu umhverfi og því kjörið að byrja að vinna með forvarnir gegn einelti á þeim vetvangi þar sem hópurinn er lítill og náinn og einnig er meiri samvinna við foreldra í leikskóla en oft vill verða síðar á skólagöngunni.